

**STJÓRNARFUNDUR HALDINN Á SKRIFSTOFU SSNV HÓFÐABRAUT 6
HVAMMSTANGA ÞRIÐJUDAGINN. 19. JÚNÍ KL 09:30**

Þriðjudaginn 19. júní 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar á skrifstofu SSNV á Hvammstanga. Mættir voru. Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Guðmundur Guðmundsson frá Byggðastofnun sat einnig fundinn.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerð síðasta fundar

2. SSNV atvinnuþróun

- a. Gudrun Kloes og Ingibergur Guðmundsson mættu til fundarins. Kynntu þau helstu verkefni sem þau hafa unnið að og svöruðu spurningum fundarmanna um einstök verkefni.

Rætt sérstaklega um söfn og setur. IG falið að taka saman upplýsingar um aðsókn í söfn og setur á Norðurlandi vestra sem og framlög sveitarfélagana til safna og setra á Norðurlandi vestra.

3. Ársreikningar SSNV, SSNV atvinnuþróunar, SSNV málefna fatlaðra og Vaxtarsamnings 2011. Lagðir fram til umræðu og undirritunar ársreikningar viðkomandi rekstareininga.

4. Fjárhagsyfirlit SSNV jan-maí 2012. Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði. Frávik frá áætlun skýrast af stærstum hluta af tekjum og gjöldum vegna samnings um almenningssamgöngur og tekjum og gjöldum vegna samnings við Markaðsstofu Norðurlands.

5. Fjárhagsyfirlit SSNV atvinnuþróunar jan-maí 2012. Framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.

6. Ferð framkvæmdastjóra og tveggja stjórnarmanna til Eistlands 13.-17. Maí 2012. Lögð fram samantekt náms og kynnisferðar sem stjórnarmennirnir Ágúst Þór Bragason og Sigurjón Þórðarson ásamt framkvæmdastjóri fóru til Parnau í Eistlandi dagana 13.-17. Maí 2012. Eistlandi stuðningi frá TAIEX (Technical Assistance Information Exchange Instrument of European Commission) sjóði Evrópusambandsins dagana 13. -17. Maí 2012. Námsferðin stóð yfir í tvo daga auk tveggja ferðadaga.

Markmið með ferðinni var að

- ✓ Kynnast og öðlast þekkingu á hlutverki/tækifærum/áskorunum svæðisbundinni stefnumótun og kynnast samspili svæðisbundinnar stefnumótunar við byggðaðróunarsjóði ESB.
- ✓ Kynnast hlutverki/þátttöku sveitarstjórnarstigsins í svæðisbundinni stefnumótun og skilgreiningu verkefna innan byggðaðróunarsjóða ESB
- ✓ Kynnast uppbyggingu stoðkerfi við frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki (SME'S), ferðaðþjónustu og atvinnuþróunar.

7. Sóknaráætlun landshluta. Framkvæmdastjóri og Sigurjón Þórðarson varaformaður fóru yfir efni fundar samráðshóps stýrinets um sóknaráætlanir landshluta og fulltrúa landshlutasamtakana sem haldinn var þann 24. Maí s.l. Eftirfarandi gögn voru lögð fram til kynningar undir þessum lið.

- a) **Þrjár fundargerðir stýrinets um sóknaráætlanir landshluta ódagsett, 30.apríl, og 14. maí 2012.**
- b) **Hugmyndir að tillögum um samþættingu styrkjakerfis með sameiningum vaxtarsamninga, menningarsamninga, samninga við atvinnuþróunarfélög og ýmsa aðra**

- c) Þekkingarsetur og stoðstofnanir. Samantekt skýrslu sem unnin var að mennta og menningarmálaráðuneytinu og Byggðastofnun árið 2010 og sýnir fjölda starfsstöðva, stöðugilda og framlaga til þekkingarsetra og stoðstofnana eftir landshlutum.
- d) Kynning á Austurbrú- nýrri sameinaðri stoðstofnun á Austurland.
- e) Tillaga að leiðbeiningum/skapalóni við vinnslu sóknaráætlana landshluta.
- f) IPA styrkir- kynningarefni.

Umræður urðu um stoðkerfið og möguleika á frekari samþættingu þess á Norðurlandi vestra. Samþykkt að boða formann stjórnar og framkvæmdastjóra Farskólans – miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra til næsta fundar.

Umræður urðu um IPA styrki og þátttöku SSNV og stofana á Norðurlandi vestra í verkefnum sem hlotið geta stuðning.

IPA styrkir (Instrument for Pre-Accession) að upphæð 8 milljónir Evra verða líklega auglýstir í ágúst nk. Reiknað er með að margar umsóknir bersit frá Íslandi og er áætlað að 15 – 20 verkefni hljóti styrk. Stefnt er að því að verkefni geti hafist í upphafi næsta árs. Umsóknirnar taka til tveggja sjóða. Annars vegar ERDF (European Regional Development Fund) sem styrkir fjárfestingar í innviðum svæða. Áætlað er að styrkur til hvers verkefnis nemi 200-500.000 Evrum. Alltaf gengið út frá 20% framlagi til viðbótar frá heimamönnum (umsóknaraðila). Hins vegar er félagsmálasjóðurinn ESD (European Social Fund) sem styrkir fjárfestingu í mannauði. Styrkja má verkefni um allt að eina milljón Evra. Gert er ráð fyrir að við bætist 20% framlag heimamanna.

Leitað verður að verkefnum sem eru þess eðlis að sem flestir í landshlutanum njóti góðs af þeim. Umsóknir þurfa annars vegar að falla að stefnu innanlands, þ.e. Íslandi 2020 (sóknaráætlun) og hins vegar stefnu ESB. Um er að ræða óafturkræfa styrki, m.ö.o. óháða aðildarumsókn að ESB.

Stjórn SSNV samþykkir að fela framkvæmdastjóra að leita til ráðgjafa um aðstoð við mótun verkefna og undirbúning umsókna IPA styrkja. Bjarni Jónsson formaður óskar bókað að hann sé andsnúinn málinu og greiðir því atkvæði gegn afgreiðslu þess.

- 8. **Almenningssamgöngur.** Framkvæmdastjóri kynnti að Strætó bs hefur samið við Hópbíla ehf um akstur á leiðinni Reykjavík – Akureyri á grundvelli útboðs. Þá er í gangi verðkönnun varðandi tengiakstur til Hvammstanga og Skagastrandar.

9. Fundargerðir

- a. **Auka aðalfundur Markaðsstofu Norðurland dags. 25. Maí**
– lögð fram til kynningar.
- b. **Stjórnar SSV frá 11. Maí 2012** – lögð fram til kynningar.

10. Önnur mál

- a. **Aðalskipulag í Austur Húnavatnssýslu.** ÁðB vakti athygli á að umhverfisráðherra hefur staðfest aðalskipulag Blönduósbæjar tímabilið 2011-2030, Húnavatnshrepps tímabilið 2010-2022 og Sví. Skagafjarðar tímabilið 2009-2022. Vildi ÁðB bóka þakki til SSNV f.h Blönduósbæjar vegna stuðnings við skipulagsferlið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:30

Jón Óskar Pétursson fundarritari